

Sp. 199. Tillaga til þingsályktunar

um línurit yfir vegi.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera línurit, er sýni vegi landsins í km í hverri sýslu, sem hér segir:

1. **Þjóðvegi:**
 - a. akfæra, uppbyggða vegi;
 - b. akfæra ruðningsvegi;
 - c. samþykkta, en ógerða vegi.
2. **Sýsluvegi:**
 - a. akfæra, uppbyggða vegi;
 - b. akfæra ruðningsvegi;
 - c. samþykkta, en ógerða vegi.
3. **Fjallvegi:**
 - a. akfæra, uppbyggða vegi;
 - b. akfæra ruðningsvegi;
 - c. óakfæra ruðningsvegi.
4. **Hreppavegi:**
 - a. akfæra, uppbyggða vegi;
 - b. akfæra ruðningsvegi;
 - c. óakfæra ruðningsvegi.

Skal verkinu lokið og niðurstöður sendar Alþingi fyrir 15. febr. 1944.

G r e i n a r g e r ð .

Þegar ákveða skal fjárframlag til vegar eða hvaða vegir skuli teknir í þjóðvegatölu, er jafnan nokkur togstreita um það, hvort þetta eða hitt hérað skuli látið ganga fyrir um vegaframkvæmdir. Kom þetta m. a. skýrt fram í umræðum um væntanlegan veg yfir Hellisheiði. Það er því nauðsynlegt, að þingmenn geti átt kost á því að geta hæglega og fyrirhafnarlítið kynnt sér vegakerfi landsins, þar sem samanburður er öruggur og ábyggilegur. Er það tilgangur þáttill., að svo megi verða. Gera má ráð fyrir, að upplýsingar þær, sem hér er farið fram á, séu að mestu eða öllu leyti hjá vegamálastjórninni, svo að telja má, að mjög auðvelt sé að láta útbúa slíkt línurit, sem hér er farið fram á, og kostnaður við það sáralítill.